

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI  
- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -  
VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 551 7292

Reykjavík 28. október 1996

Kæru félagar.

Við hefjum nú vetrarstarfið að loknum velheppnuðum haustfagnaði félagsins á Hótel Holti þann 21. september sl. Þangað komu um 50 manns að loknum tónleikum Liu Frey-Rabine í Íslensku óperunni, sem haldnir voru í samvinnu við Styrktarfélag Óperunnar. Sérstakar þakkir eru hér færðar Jóhanni J. Ólafssyni varaformanni félagsins fyrir að styrkja tónleikahaldið.

Áður en vetrardagskráin verður rakin verður farið fáeinum orðum um það sem á dagana hefur drifið frá því í vor:

Stöðugt bætast nýir félagsmenn í hópinn og eru þeir nú um 150.

Í sumarbyrjun var félaginu færð forlata gjöf, gullfalleg brjóstmynd af Richard Wagner. Gefendur voru einstakir velunnarar félagsins og félagsmenn, þau Ólafur Egilsson sendiherra og frú Ragna Ragnars, og er þeim hér þakkað af heilum hug.

Um fimmtán manns lýstu yfir áhuga á að sækja Bayreuth-hátíðina næsta ár og hefur pöntun nú verið send og vonumst við eftir að geta komið til móts við óskir allra með einhverjum hætti þótt engu sé hægt að lofa á þessu stigi. Frekari upplýsinga er að vænta í janúar, en reynt var að útvega miða á tímabilinu 20.-28. ágúst.

**Grúskaravöld miðvikudaginn 6. nóvember.**

Fyrsta samkoma vetrarins verður miðvikudaginn 6. nóvember, en þá efnum við til uppákomu sem við höfum kosið að kalla **grúskaravöld**. Það verður með frjálsllegu sniði og er hugmyndin sú að þangað komi menn með hitt og þetta úr eigu sinni sem tengist Wagner; bækur, plötur, geisladiska, myndbönd, upplifanir etc. Orðið mun vera frjálst og opið til að segja frá því sem okkur hefur fundist einna forvitnilegast, mest gefandi eða áhrifaríkast af því sem við höfum komist yfir, lesið eða heyrt. Þannig gefst mönnum tækifæri á að víkka sjóndeildarhringinn og eiga einnig kost á því að panta áhugaverðar bækur eða upptökur, skiptast á, lána eða jafnvel selja hver öðrum. Þeir sem þegar hafa gefið fyrirheit um að taka virkan þátt eru Ásmundur Jakobsson sem mun í stuttu máli segja frá sýningu á Niflungahringnum sem fór á fjalirnar í Berlín snemma í vor undir stjórn Harrys Kupfer og Daniels Barenboim. Jóhannes Jónasson mun kynna tvær Wagnerbækur. Sýnd verða brot úr myndböndum þar á meðal frá sýningu Jósku óperunnar á Hringnum og úr konsertupptöku á fyrsta þætti Valkyrjunnar með Placido Domingo í hlutverki Siegmunds. Vonast er eftir að aðrir fundarmenn leggi sitt af mörkum og kynni eitt og annað forvitnilegt. Samkoman verður í Félagsheimili Lögreglufélags Reykjavíkur Brautarholti 30, 2. hæð og hefst 20.30. Kaffi og aðrar léttar veitingar seldar á vægu verði.

### **Niflungahringurinn í Norræna húsinu.**

Við teljum orðið tímabært að sýna aftur Niflungahringinn af myndbandi eins og gert var dyggilega veturinn fyrir sýninguna eftirminnilegu á brotum Niflungahringarsins á Listahátíð 1994.

Þá stækkaði mjög sá hópur Íslendinga, sem þekkir af myndbandi Niflungahring Frakkanna Patrice Chéreau og Pierre Boulez, sem gekk í Bayreuth frá 1976-1980.

30 Íslendingar sáu síðan Niflungahring þeirra Alfreds Kirchner og James Levine í Bayreuth sumarið 1995. Þegar nú bætist við þriðja uppfærslan, en það verður uppsetning þeirra Harrys Kupfer og Daniels Barenboim í Bayreuth frá árunum 1987-1991, verður svo komið að dagóður hópur manna getur farið að stunda samanburðaruppfærslufræði af fullum krafti. Þeir sem sjá Niflungahringinn núna í fyrsta skipti verða því í góðum félagsskap. Sýnt verður af laserdisk á 26" sjónvarpsskermi. Enskur skjátexti.

Sýningarnar byrja í janúar og verða annan sunnudag í hverjum mánuði fram í apríl, þ.e. 12/1, 9/2, 9/3 og 13/4 og hefjast kl. 15.

Á undan sýningunum munu Anna M. Magnúsdóttir og Reynir Axelsson kynna í stuttu máli og tónum leiðsögustefin (Leitmotiv) í óperunum. Auk þess mun Anna, á fyrsta sýningardeg, rekja ferilinn við samningu Hringarsins. Kynningin á leiðsögustefjunum mun vafalítið auðvelda mörgum fyrstu hlustun og fyrir þá sem þegar eru vanir verður þetta ágætis uppstokkun og upprifjun, eflaust löngu tímabær!

### **Tónleikar Elsu Waage í Íslensku óperunni 11. febrúar.**

Altsöngkonan Elsa Waage mun halda tónleika á vegum Styrktarfélags Íslensku óperunnar í samvinnu við félagið okkar þriðjudagskvöldið 11. febrúar. Hún mun m.a. syngja Wesendonck ljóðin auk brota úr Niflungahringnum (Erda, Waltraute). Frammistaða Elsu sem Erda á Listahátíð í Reykjavík 1994 var mjög glæsileg. Elsa fór í prufusöng í Bayreuth sl. sumar og vonumst við öll til að sjá hana þar í nýja Hringnum, sem fer á svið árið 2000!

### **Parsifal á föstudaginn langa, 28. mars.**

Við munum líkt og í ár reyna að sýna Parsifal á föstudaginn langa sem er 28. mars. Við áttum ógleymanlega stund í safnaðarheimili Dómkirkjunnar 5. apríl sl. og vildum gjarnan endurtaka hana, í þetta skipti með annarri uppfærslu. Við munum sýna, af laserdisk, upptöku frá Metropolitan óperunni árið 1993. Stjórnendur eru þeir Daniel Barenboim og Harry Kupfer, sem verða sannarlega listamenn vetrarins hjá Wagnerfélaginu. Í helstu hlutverkum Poul Elming, Falk Struckmann, John Tomlinson og Waltraud Meier.

### **Josef Lienhart í heimsókn í vor.**

Forseti alþjóðasamtaka Wagnerfélaga, Josef Lienhart, hefur sýnt áhuga á því að heimsækja okkur, og höfum við fengið Goethe-Institut til samvinnu um að taka á móti honum. Josef Lienhart mun halda fyrirlestur ásamt litskyggnimyndum, sem nefnist:

*Szene in Licht und Farbe - Wieland Wagner in Bayreuth.*

Tímasetning hefur ekki verið fastsett, en apríllok eða júníbyrjun koma helst til greina.

### Úti í heimi.

Bretar hafa sýnt allan Niflungahringinn þrívægis í Covent Garden á undanförmum vikum undir stjórn Bernards Haitink og Richards Jones, og lýkur þriðja og síðasta Hringnum 2. nóvember nk.

6. desember mun síðan Placido Domingo halda upp á 25 ára starfsafmæli sitt hjá Covent Garden með því að syngja Siegmund á sérstakri hátíðasýningu á Valkyrjunni.

Svíar voru með forsýningu á stuttu Hringútgáfunni okkar frá Listhátíð 1994 í útileikhúsi sem er staðsett í gamalli steinnámu í Dölunum og fengið hefur nafnið Dalhalla. Einn af forsvarsmönnum Dalhalla sá sýninguna hér í Þjóðleikhúsinu og langaði til að endurtaka ævintýrið í Svíþjóð með nýjum listamönnum. Sjálf styttingin er þó óbreytt og texti Þorsteins Gylfasonar notaður í þýðingu Lars Lönnroth. Suður-Afríkumenn tóku einnig hugmyndina að styttnum Hring frá Íslendingum og var þeirra útgáfa, sem þó var með nokkuð öðrum hætti, sýnd sl. vor í Jóhannesborgar. Nú höfum við nýverið frétt frá Bayreuth að fleiri aðilar hafi sýnt áhuga á að sýna samþjappaðan Hring. Það er dapurlegt að ekki skuli bóla á áhuga hjá Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu að flytja aftur sýninguna góðu frá 1994, sem vakti svo mikla hrifningu og miklu færri sáu en vildu.

Af sýningum Niflungahringins á Norðurlöndum er það annars að fréttu, að Norðmenn hafa nýlokið við að sýna allan Hringinn í Osló, sömuleiðis Danir í Jósku óperunni í Árósum, en þar verður hann sýndur aftur á þessu leikári. Svíar eru að byrja nýja uppsetningu í Stokkhólmi undir stjórn Leifs Segerstam, og er Rínargullið á fjölunum í vetur, en líklega verður ekki lokið við allt verkið fyrr en um aldamót. Leif Segerstam lætur þar ekki staðar numið, heldur mun hann stjórna öðrum Hring í nýja óperuhúsinu í Helsinki og fór Rínargullið á fjalrnar sl. vor. Heyrst hefur að falast hafi verið eftir Garðari Cortes í hlutverk Siegmunds

Í Vínaróperunni er nýr Hringur í gangi með Placido Domingo í hlutverki Siegmunds. Áður hefur verið getið um Hring þeirra Kupfers og Barenboim í Staatsoper í Berlín, en í þeirri sömu borg er einnig annar Hringur í boði (Deutsche Oper). Gaman að búa í Berlín! Víða annars staðar í Þýskalandi er verið að sýna Hringinn, m.a. í Hamborg, Hannover og Nürnberg að ógleymdri Bayreuthhátíðinni. Auk þess er alur Hringurinn sýndur í Budapest og La Scala er að byrja á nýjum Niflungahring undir stjórn Riccardos Muti, en þar sungu þeir Guðjón Óskarsson (Fáfni) og Kristinn Sigmundsson (Fasolt) í konsertuppfærslu á Rínargullinu í vor sem leið.

Metropolitan óperan í New York er enn að sýna úr sínum "gamla" rómaða Hring og mun vera með annan í bígerð. Óperuhúsið í Chicago lauk við heilan Hring í vor og verður hann sýndur áfram á næstu árum. Sú uppfærsla hefur hlotið góða dóma, en stjórnendur eru Zubin Mehta og August gamli Everding. Af þessari upptalningu, sem er þó hvergi nærri tæmandi, má sjá að mikill áhugi ríkir á Niflungahringnum út um allt. Ef allir þeir sem nú eru að sýna eða skoða Niflungahringi víða um heim vissu að hve miklu leyti efni hans kemur frá Íslendingum fengju fornþókmenntir okkar meiri kynningu á heimsvísu en nokkru sinni fyrr.

Það er því afar brýnt að við Íslendingar förum að kynna þetta mál á alþjóðavettvangi.

En Wagner gerði einnig aðrar óperur en Niflungahringinn. Of langt væri að telja upp allar uppsetningar á verkum hans víða um heim.

Þó má nefna að **Meistarásöngvararnir** eru á fjölnum m.a. í Vín, Berlín, Mannheim, Hannover, Mainz, München, Stuttgart, London og Kaupmannahöfn auk nýrrar uppfærslu Wolfgangs Wagner í Bayreuth sem frumsýnd var sl. sumar.

Hægt er að sjá **Tristan og Isolde** m.a. í Brüssel, Berlín, Braunschweig og Mannheim að ógleymsdu Bayreuth. **Hollendingurinn** er m.a. í Vín, Tampere, Berlín, Hamborg, Heidelberg, Köln, München, Nürnberg, Kaupmannahöfn og Zürich. **Lohengrin** er sýndur í Vín, Prag, París, Berlín, Zürich og San Francisco. **Parsifal** í Vín, París, Bonn, Dortmund, Mannheim, München, Nürnberg, Budapest, Flórens, Zürich. **Tannhäuser** í Vín, Antwerpen, Prag, Berlín, Chemnitz, Dresden, Hamborg, Mannheim, Stuttgart, Kaupmannahöfn, Budapest, Feneyjum og Leeds. Og meira að segja **Rienzi** er unnt að sjá í Berlín.

Þeir sem vilja vita meira eða leggja land undir fót til að skoða Wagnersýningar geta lesið meira um þessi mál og flett upp símanúmerum erlendra óperuhúsa í óperutímaritum eins og OPERA og OPERA NOW.

#### **Annað.**

Á dagskrá Richard Wagner félagsins í vetur verður, auk þess sem þegar hefur verið kynnt, stefnt að málþingi næsta vor og verður efni þess kynnt síðar. Aðalfundur er fyrirhugaður í febrúar.

Með kærri kveðju,

f.h. stjórnar Richard Wagnerfélagsins á Íslandi

Selma Guðmundsdóttir formaður